

# Brothætt lýðræði

Kjallari

Þorvaldur Gyifason



**N**iðurkægung heilla þjóðþing er ekki tilbúi vandi í lýðræðiskjum. Heimsbyggðin hefur síðustu víkur staðið forviða frammi fyrir atganginum á Bandaríkjabípingi, þar sem illskýtur og ofstæksifullur minni hluti republikana reynði fram á ellefu stundu um knýti Bandaríkjastjórn í greiðsluprot með ófyrirsjáanlegum afluðibingum fyrir efna-hagslif landsins og heimsins. Republikanar heimtuðu, að lýðræðislegar ákváranir, sem þegar höfðu verið teknar um heilbrigðistryggingar handa fáteku fólk, yrðu afturkallaðar, ella myndu þeir keyra ríkissjóð í þró. Í New York Times segja fastir dálkahöfundar að þjóðar-óryggi Bandaríkjanna stafi meiri haetta að þinginum í Washington en af al-Káida.

Það mátti þingið þó eiga, að færinr skylduræknir republikanartókuhöndum saman við demókrata um að varna stórsísi. Það tókst. Höfundar bandarísku stjórnarskráinnar sáu við vandanum 1776. Fulltrúaadeild Bandaríkjapings, sem varð sér til svo stórfelldra minnkinar, er endurkjörin í heilum lagt á tveggja ára fresti. Þrír af hverjum fjórum kjósendum segjast nú skv. könnunum ekki vilja sjá neinn af þingmönnum republikana framar. Verða kjósendar búnir að gleyma því í þingkosningunum að ári? Kannski ekki. Republikanar hafa margi haft þann háttinn á undangengi ár að sigra keppinauta sína í kosningum með hví að lofa löebanni geon fósturevdin-

um og nýta sigurini til að léttu sköttum af auðmönnum án þess að hrófla við fóstureydingum. Thomas Frank lýsir republikonum með átrifaríkum hætti í bókum sínum *What's the Matter with Kansas* (2005) og *The Wrecking Crew* (2009).

## Og Sigtryggur vann

Framganga sjálftæðismanna og fram-sóknarmanna á Alþingi á síðasta kjötumálinum var keimlisk framgöngu republikana. Minni hlutinn í stjórnar-stdóðu hafði sitt fram í hverju málinum á eftir öðru með malþófi og örðrum spell-virkjum. Traustið, sem kjósendur bera til Alþingis skv. maelungum Capacit, fór niður í 9%. Nýkjörið Alþingi nytur trausta 14% kjósenda skv. sömu maelingum: 86% kjósenda vanstreysta Alþingi. Grófust var framganga Sjálftæðisflokkins og Framsóknar í stjórnarskrár-mlinu. Byrjun á Framsókn.

Fyrir alþingiskosningar 2009 sagði Framsókn í auglýsingu:

„Meginrökinn fyrir stjórnlagapíngi eru þau að gefa þjóðinni taekiferi til að endurskoða stjórnspíun landsins. Það var aetlunin við stofnun lýðveldis. Því standast ekki andmæli um að stjórnlagapíng taki vald frá alþingismönnum sem eru nú einráðir um stjórnarskrána. Þingmenn hafa á undanförnum 65 árum ekki getað saest á meiniháttar breytingar á stjórnarskrá auð þess sem Framsóknarflokurinn hefur fært þau rök fyrir tillögu sinni um stjórnlagapíng að óeðillegt sé að Alþingi ákveði sína eigin starfslýsingu og tengsl sín við ríkisstjórn, dólmstóla o.s.frv. Aldur stjórnarskráinnar, 130 ár, er því ekki meginástaðan fyrir stjórnlagapíngi. Andstæðingar stjórn-lagabínesi vilia að bað sé ráðgefandi. Þeir

”Engan þarf að undra, að Framsókn skuli hafa logið sig til valda á ný með loforðum um að léttu skuldabyrðar heimil-anna.

óttast völd þess. ... Framsóknarflokkurinn vill að ný og nútímaleg stjórnar-krá verði saman af stjórnlagapíngi þar sem eiga seti þjóðkjörnir fulltrúar, að skerpt verði á aðskilnaði löggiðjafar- og framkvæmdavalda og ráðherrað gagni ekki þingmennsku.“

Framsókn gerði þessar frómu kröfur um nýjum stjórnarskrá að skilyrði fyrir stuðningi flokksins við minnihlutasjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í febrúar 2009. Ferill málssins var síðan í öllum aðalatriðum eins og Framsókn lagði upp með. Og Framsókn sveik: hún sneri bakinu við eigin akvæmi. Engan þarf að undra, að Framsókn skuli hafa logið sig til valda á ný með loforðum um að léttu skuldabyrðar heimilanna.

Ferill Sjálftædisflokkins í stjórnarskrármálinu er sama marki brendur. Í ályktun landsfundar flokksins 2009 segir: „Lögð er áhersla á mikilvægi þess að vandað sé til verka við breytingar á stjórnarskrá og tryggð sé aðkoma þjóðarinnar“ Mjög var vandað til verka eins og umsagnir fjölmargra fraéðimanna innan lands og utan vitna um. Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórn-málafræði, kallað frumvarp stjórnlagarðs „eitt merkilegasta skjal sem til hefur orðið í allri stíommálasögu landsins.“

Og aldrei hefur nokkur þjóð haft jafnbeina aðkomu að gerð nýrrar stjórnarskrá eins og varð hér heima fyrir til-stilli þjóðfundar, sem boðað var til m.a. að frumkvæði sjálftæðismanna á Alþingi, og einnig með því að fjóldi fólkis nýtt sér vefsetur stjórnlagarðs með því að beina þangað fjölda skriflegra erinda og athugasemda, þegar frumvarpið var í smíðum fyrir opnum tjöldum. Enda reynist frumvarpið njóta yfirgnaefandi stuðnings í þjóðarvatkvæðagreiðslunni, sem Sjálftæðisflokknum og Framsókn mistókst að koma í veg fyrir þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

## Skylda Alþingis

Á sunnudaginn kemur verður eitt ár liðið frá þjóðarvatkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Í henni lýstu 2/3 hilutar kjósenda sig fylgjandi frumvarpi stjórnlagarðs að nýri stjórnarskrá. Myndarlegur meiri hluti kjósenda lýsti sig einnig fylgjandi einstökum ákvæðum frumvarpsins, sem Alþingi spurið um, svo sem um auðlindir í þjóðareigu (83% sögðu já), beint líðræði (73%), persónu-kjör (78%) og jafnt vægi atkvæða (67%).

Margar stjórnarskrámeindir skipaðar þingmönnum hafa reynt að koma sér saman um endurskoðun stjórnarskrá-ínnar frá 1944. Allar tilraunir þeirra hafa farið út um þúfur. Eina nefndin, sem skilaði að sér fullbúnu frumvarpi að nýri stjórnarskrá, og það einum rómi, var stjórnlagarð, kosið að þjóðlinni og skipað af Alþingi. Alþingi ber að fara að skýr um vilja kjósenda eins og hann bírst í þjóðarvatkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Ef Alþingi brezgt skylda sinni, getur Ísland ekki lengur talizt vera fullburða líðræðisríki. ■